Umhirða þvagleggs

Útskriftarfræðsla

Hreinlæti:

- Daglegur þvottur án sápu kringum þvagrás og þvaglegg.
- Gott er að fara í sturtu daglega. Ekki er mælt með að fara í baðkar, sund eða heitan pott.
- Konur þurfa að þvo framan frá og aftur að endaþarmi.
- Karlar þurfa að þvo undir forhúð og gæta þess að draga forhúðina aftur niður.
- Þvo hendur fyrir og eftir hverja losun úr þvagpokanum.
- Skipta þarf um þvagpoka á þriggja vikna fresti.



Til að tæma þvagpokann er lokan á enda hans opnuð. Þvagpokann þarf að tæma reglulega svo hann yfirfyllist ekki. Ávallt skal tæma þvagpokann fyrir svefn. Gott er að losa um böndin sem halda pokanum á fótlegg eða læri fyrir nóttina. Böndin eru með frönskum rennilás og þola þvott.

Til að koma í veg fyrir tog á þvaglegginn þarf að gæta þess að hafa slaka á honum og festa vel með plástri eða sérstökum festibúnaði á lærið. Best er að plástra til skiptis á hægra og vinstra læri svo ekki komi sár við þvagrás. Ráðlagt er að nota hvítan silkiplástur sem fæst í apótekum og skipta daglega um plástur. Einnig er gott að nota netbuxur og/eða þröngar nærbuxur sem halda vel við og minnka hreyfingu á þvagleggnum. Tog á þvaglegginn getur valdið ertingu í blöðru, sviða og eymsli í þvagrás.

Nauðsynlegt er að drekka um 2 lítra á dag. Ráðlagt er að borða trefjaríkt fæði, grænmeti og ávexti til að fyrirbyggja hægðatregðu.

Fyrir útskrift þarf að fá upplýsingar um hvar og hvenær á að skipta um eða fjarlægja þvaglegginn.

Vandamál sem geta komið upp:

- Ef þvag rennur ekki um slöngu, þarf að athuga hvort brot sé á þvaglegg eða slöngu.
- Þvaglátstilfinning getur stafað af ertingu vegna þvagleggsins.
- Krampi í þvagblöðru getur komið upp, en hverfur yfirleitt fljótlega.
- Þvagleki meðfram þvagleggnum getur orðið vegna krampa í þvagblöðru.

Hafa skal samband við göngudeild þvagfæra 11A eða bráðamóttöku ef:

- viðvarandi verkur er undan þvaglegg eða yfir þvagblöðru.
- ekkert þvag kemur í pokann í 2–3 klst.
- blóð er í þvagi.
- þvagið er gruggugt eða illa lyktandi.
- líkamshiti verður hærri en 38,5°C eða skjálfti gerir vart við sig.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.
Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Gæðaskjal: Skurð-476